

## REGLUGERÐ

### um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti.

#### *Markmið.*

##### 1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að setja mörk fyrir fallryk, einkum í andrúmsloftinu.

#### *Gildissvið.*

##### 2. gr.

Reglugerð þessi gildir um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. Reglugerðin gildir einnig um atvinnurekstur sem kann að valda fallryksmengun hér á landi utan eigin lóðar. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

#### *Skilgreiningar.*

##### 3. gr.

Fallryk er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð.

#### *Styrkur fallryks og sýnataka.*

##### 4. gr.

Styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skal ekki vera yfir 10 g/m<sup>2</sup> miðað við mánaðarsöfnunartíma.

Við sýnatöku og mælingar á styrk fallryks í sýnum skal fara eftir þeim viðmiðunum og aðferðum sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

Fallrykssýnum skal safnað þar sem þörf er talin á af hálfu Hollustuverndar ríkisins, heilbrigðisnefnda eða framkvæmdaaðila.

#### *Ráðstafanir.*

##### 5. gr.

Þar sem fallryk er yfir umhverfismörkum skulu hlutaðeigandi aðilar grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr rykmenguninni.

#### *Gildistaka.*

##### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisráðuneytinu, 13. nóvember 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*